



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið  
Sölvhólsögötu 7  
101 Reykjavík

Reykjavík 12. ágúst 2020

2008004SA GB  
Málalykill: 00.64

### **Efni: Umsögn um áform um br. á l. um farþegaflutninga og farmflutninga á landi, mál S-140/2020**

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt stjórnvalda frá 30. júlí sl., þar sem greint er frá áformum um að gera tvíþættar breytingar á lögum nr. 28/2017.

#### **Afstaða sambandsins**

Í umsögn þessari er tekið undir áform um að veita lagastoð fyrir beitingu viðurlaga við brotum á reglum um greiðslu fargjalds og frekari reglum um notkun aðgangskorta o.fl.

Um langt skeið hefur staðið til að setja lagaákvæði um þessi atriði og hefði verið mjög eðlilegt að ákvæði þess efnis hefði verið hluti af frumvarpi sem varð að lögum nr. 28/2017. Af ýmsum ástæðum varð niðurstaða þess lagasetningarferlis þrengri en ástæða hefði verið til og er raunin því sú að ekki er til staðar heildstæður lagarammi um almenningssamgöngur á landi. Gildandi lög fjalla þannig fyrst og fremst um það samgöngukerfi sem í daglegu tali er nefnt Landsbyggðarstrætó en fremur óljóst er að hvaða leyti lögín ná til almenningssamgangna innan þéttbýlis. Jafnframt fjalla lögín um starfsemi einkaaðila sem sinna farþega- og farmflutningum og hafa til þess rekstrarleyfi. Þessi tvíþætti tilgangur eykur óhjákvæmilega flækjustig laganna.

Í aðdraganda setningar laga nr. 28/2017 lýsti Samband Íslenskra sveitarfélaga megnri óánægju með það lagafrumvarp sem lagt var fyrir Alþingi og kom fram að þessi lagaumgjörð er mjög fjarri því sem sveitarfélögín hafa kallað eftir. Þegar á árinu 2012, þegar vinna við frumvarpsgerð hófst, var sett fram sú ósk af hálfu sambandsins að sett yrðu sérstök lög um almenningssamgöngur. Ekki var hlustað á þessar óskir og lagði ráðuneytið þess í stað áherslu á að sett yrðu heildarlög um alla fólksflutninga á landi, svo sem almenningssamgöngur á vegum sveitarfélaga, akstur hópþífreiða, leigubífreiða o.s.frv. Ljóst var frá upphafi að viðfangsefnið yrði flókið og þegar upp var staðið reyndist ekki vera vilji til þess á Alþingi að afgreiða heildarlögín, aðallega vegna andstöðu frá leigubífreiðastjórum. Þess í stað lagði samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra fram nýtt frumvarp um innleiðingu tiltekinna EES-gerða sem Ísland var orðið of seint að innleiða. Inn í það frumvarp voru tekin nauðsynlegustu ákvæði um almenningssamgöngur en ýmsum atriðum var hins vegar sleppt.


Vert er að halda því til haga að umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis beindi því til ráðherra að skipa við fyrsta tækifæri starfshóp til að vinna tillögur að breyttu lagaumhverfi, þar sem verði lögð áhersla á að löggjöf um almenningssamgöngur endurspegli mikilvægi þeirra fyrir samfélagið í heild, ekki síst í ljósi velferðar- og

umhverfissjónarmiða. Jafnframt verði lögð áhersla á að löggjöfin tryggji rekstrargrundvöll fyrir almenningssamgöngur að svo miklu leyti sem frekast er unnt. Ráðherra var falið að upplýsa Alþingi um skipan starfshópsins og um stöðu vinnunnar á haustþingi 2017. Sambandinu er ekki kunnugt um að nein vinna hafi farið fram frá þeim tíma til að bregðast við vilja Alþingis.

Þótt Samband Íslenskra sveitarfélaga sé því sammála því að í gildandi lög vanti ákvæði um viðurlög við því að farþegar víki sér undan greiðslu réttis fargjalds er að álit sambandsins fullt tilefni til þess að gera kröfu um að hefja nú þegar vinnu við gerð sérstakra laga um almenningssamgöngur. Úrbætur í þessum efnum verða að teljast nauðsynlegur þáttur í þeirri uppbyggingu sem fram undan er í almenningssamgöngum á höfuðborgarsvæðinu og óskar sambandið eftir því að vera þátttakandi í þeirri löggjafarvinnu.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



---

Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri